

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 11. júní 2020 kl. 9:30, en þetta var 80. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Runólfur Pálsson.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 79. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu fjögur eftirtalin verkefni, orðalistar sem áður höfðu verið sendir nefndarmönnum og yfirfarnir á fámennum nefndarfundum vegna COVID-takmarkana. Farið var yfir þá alla aftur til að tryggja að athugasemdir einstakra nefndarmanna hefðu allar komið fram og verið ræddar sameiginlega.

Medical. Tvær breytingar voru gerðar.

Allergy. Ýmsar breytingar og lagfæringar voru gerðar eftir ítarlegar umræður.

Immunity og immunization. Örfáar breytingar voru gerðar.

Eczema. Nokkrar breytingar voru gerðar, en beðið er eftir athugasemdum frá formanni félags húðsjúkdómalækna, sem fengið hefur listann til yfirlstrar.

3. „Hugsanleg“ og „ólokin“ verkefni. Farið var yfir þrjú verkefnalista sem orðið hafa til við vinnu nefndarinnar undanfarin ár og nefnd ýmis æskileg verkefni. JHJ mun skoða þetta betur í sumar meðan fundir liggja niðri og væntanlega senda nefndarmönnum í tölvupósti einstaka orðalista til yfirlstrar.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður í september. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða nánar með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.